



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ 2. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2017 MIÐVIKUDAGINN 6. SEPTEMBER KL.13:15

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi (sjá minnisblað)

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot

14 nemendur sækja um mat á íþróttum.

Umsóknum um mat á íþróttum er vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

C. Skert tímasókn (útskriftarefni)

Prír útskriftarnemar eru með skerta tímasókn í tveim áföngum vegna árekstra í töflu.

D. Önnur bréf

- Tveir nemendur óska eftir að taka stöðupróf í dönsku.
 - Vísað til skólameistara og kennslustjóra í erl.málum
- Nemandi óskar eftir undanþágu frá dönsku og stærðfræði til stúdentsprófs
 - Samþykkt undanþága í dönsku þar sem nemandi tók ekki dönsku í grunnskóla
 - Vísað til kennslustjóra í stærðfræði
- Nemandi óskar eftir undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs
 - Samþykkt þar sem nemandi tók ekki dönsku í grunnskóla
- Staðfesting skólameistara á undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs
 - Fært til bókar

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Fulltrúar nemenda lögðu fram drög að dagskrá félagslífsins á haustönn svo og kostnaðaráætlun vegna nýnemaballs sem verður í næstu viku. Líflæg umræða var um félagslífið almennt og nemendur hvattir til að vanda til verka þegar þeir velja þá sem koma fram á viðburðum nemendafélagsins.

Nemendur hafa tilnefnt 2 fulltrúa í mótuneytisnefnd og til stendur að fá 2 nemendafulltrúa í annarbreytinganefnd.

Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi
Anna Jeeves fulltrúi kennara
Edith Edda Unnarsdóttir fulltrúi kennara
Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari
Finnbogi Jakobsson fjármálastjóri NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Rebekka Þurý Pétursdóttir forseti NFFG
Snjólaug E. Bjarnadóttir áfangastjóri